

Framgangur áætlunar um losun fjármagnshafta

Greinargerð skv. lögum nr. 16/2013 frá Alþingi.

Greinargerð þessi er birt af fjármála- og efnahagsráðherra skv. lögum nr. 16/2013 frá Alþingi.

[Ráðherra skal birta opinberlega greinargerð um framgang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum á sex mánaða fresti þar til slíkum takmörkunum verður endanlega aflétt. Greinargerð skv. 1. málslíð skal birta í fyrsta sinn innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.]

Fyrsta greinargerð samkvæmt lögum var birt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins 17. september 2013.¹ Önnur greinargerð var birt 17. mars 2014,² sú þriðja 18. september 2014,³ sú fjórða 18. mars 2015,⁴ og sú fimmta 21. september 2015.⁵

Lagabreytingar haustið 2015

Á haustmánuðum 2015 var talin ástæða til að skýra og einfalda löggjöf til að auðvelda slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja gerð nauðasamninga. Fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram lagafrumvarp á Alþingi sem hafði það að markmiði að skapa frekari forsendur fyrir því að þeir lögaðilar sem féllu undir skattskyldusvið laga um stöðugleikaskatt gætu lokið þeim áfanga í slitameðferð að hafa fengið nauðasamning staðfestan af dómstólum fyrir árslok 2015.

Í meðförum þingsins á frumvarpinu voru gerðar á því nokkrar breytingar sem einkum fólust í því að skýrar var kveðið á um nokkur atriði er varða skattlagningu fjármálafyrirtækja í slitameðferð og slitameðferð fjármálafyrirtækja. Þá var einnig bætt við þeirri breytingu á lögum um stöðugleikaskatt að slitabúum var veittur lengri frestur til að fá nauðasamning staðfestan af dómstólum. Með breytingunni var þeim veittur lengri frestur til að ljúka slitameðferð með staðfestum nauðasamningi en hann var framlengdur frá áramótum til 15. mars 2016. Með þessum viðbótarfresti var m.a. tekið tillit til ábendinga frá slitastjórnnum föllnu bankanna um að óvíst væri að hægt yrði að ljúka slitameðferð fyrir áramót en einnig horft til þess að óásættanlegt væri að setja dómstóla í þá aðstöðu að þurfa að vinna að staðfestingu flókinna nauðasamninga í mikilli tímapressu.

Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 107/2015 hinn 4. nóvember 2015 og með þeim voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, lögum um stöðugleikaskatt og lögum um fjármálafyrirtæki.

Slitabú föllnu bankanna – stöðugleikaskilyrðum mætt af þeim öllum

Slitabú stóru föllnu viðskiptabankanna þriggja, Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbanka Íslands hf, óskuðu öll eftir undanþágu frá takmörkunum laga um gjaldeyrisviðskiptum vegna sinna

¹ http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Framgangur-aaetlunar-um-losun-fjarmagnshafta_greinargerð_17092013.pdf

² http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Framgangur-aaetlunar-um-losun-fjarmagnshafta_greinargerð_17092013.pdf

³ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/rit2014/Framgangur-aaetlunar-um-losun-fjarmagnshafta-sept-2014.pdf>

⁴ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/Framgangur-aaetlunar-um-losun-fjarmagnshafta-18.3.2015.pdf>

⁵ https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/Framgangur-aaetlunar-um-losun-hafta-word_haust-2015_.pdf

uppgjóra og skiluðu af því tilefni drögum að nauðasamningum til Seðlabanka Íslands. Í nauðasamningsdrögum var gerð grein fyrir tillögum búanna að mótvægisráðstöfunum og stöðugleikaframlögum vegna undanþágubeiðnanna.

Seðlabanki Íslands birti niðurstöðu sína um uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja á grundvelli stöðugleikaskilyrða og áhrif þeirra á greiðslujöfnuð og fjármálastöðugleika í ítarlegri greinargerð hinn 27. október 2015.⁶ Niðurstaða bankans var að leggja til við ráðherra að hann staðfesti þær undanþágur sem bankinn hugðist veita slitabúunum.

Undanþágubeiðnir slitabúanna þriggja voru af þeirri stærðargráðu að lögbundið var að viðhafa ákveðið samráð vegna þeirra. Seðlabanki Íslands skal hafa samráð við ráðherra varði undanþága fjármálafyrirtæki sem sætir slitameðferð og felur í sér heimild til gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 25 milljörðum króna á einu ári eða varði lögaðila með efnahagsreikning yfir 400 milljörðum króna. Geti slík undanþága haft umtalsverð áhrif á skuldastöðu þjóðarþúsins og varði eignarhald viðskiptabanka skal hún aðeins veitt að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra og að undangenginni kynningu ráðherra á efnahagslegum áhrifum hennar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Með hliðsjón af framangreindum skilyrðum laga um gjaldeyrismál hafði Seðlabanki Íslands samráð við ráðherra í aðdraganda útgáfu vilyrða fyrir undanþágum til handa slitabúunum þremur. Jafnframt kynnti ráðherra málið ásamt seðlabankastjóra fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Nauðasamningar Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings voru staðfestir af dómstólum í desember 2015. Að mati Seðlabankans uppfylltu þessir nauðasamningar kröfur laga um gjaldeyrismál um að efnir nauðasamninganna ásamt fyrirhuguðum mótvægisráðstöfunum leiddu hvorki til óstöðugleika í gengis- og peningamálum né röskuðu fjármálastöðugleika. Öll búin fengu því undanþágur frá takmörkunum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál í kjölfarið.

Hinn 18. febrúar 2016 birti Seðlabanki Íslands fréttatilkynningu þess efnis að bankinn hefði skrifað undir síðustu undanþáguna frá takmörkunum laga um gjaldeyrismál vegna uppgjors fallinna viðskiptabanka og sparisjóða. Bankinn hafði þá veitt alls sjö slitabúum undanþágu og auk þeirra þurfti eitt slitabú ekki að leita eftir undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál. Þar með lá fyrir að allir fyrrum viðskiptabankar og sparisjóðir sem féllu undir lög um stöðugleikaskatt, samtals átta, fóru leið nauðasamninga á grundvelli uppfylltra stöðugleikaskilyrða.

Um mótvægisráðstafanir stóru slitabúanna þriggja er fjallað með sundurliðuðum hætti í greinargerð Seðlabanka Íslands. Virði þessara ráðstafana hefur verið metið á um 660 mia. kr. og þar af eru bein stöðugleikaframlög um 384 mia. kr.

Við ráðstöfun beinna stöðugleikaframlaga skal fylgja ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/2015 um stöðugleikaskatt og skulu þau renna í ríkissjóð og ráðstöfun fjárens samrýmast markmiðum um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika. Stöðugleikaframlög slitabúanna skiptast í laust fé, framsalseignir og fjársópseignir. Framsalseignir eru bæði skráð og óskráð verðbréf auk annarra krafna. Stærstur hluti óskráðra hlutabréfa eru bréf í Íslandsbanka og

⁶ <http://www.seðlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2015/10/28/Sedlabanki-Islands-hefur-lokid-mati-sinu-a-fyrirliggjandi-drogum-ad-naudasamningum/>

mun Bankasýsla ríkisins fara með hlut ríkissjóðs í bankanum. Laust fé verður varðveitt á sérstökum innlánsreikningi ríkissjóðs í Seðlabanka. Með breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Ísland, sem samþykkt var 17. mars 2016 er ráðherra veitt heimild í ákvæði til bráðabirgða til að stofna sérstakt félag undir fjármála- og efnahagsráðuneyti sem mun hafa það hlutverk að umsýsla, fullnusta og selja aðrar eignir eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að úrvinnsla eignanna eigi sér stað á næstu þremur árum og skal félaginu slitið eigi síðar en 31. desember 2018.

Miðað er við að tekjum af stöðugleikaframlögum verði í fyrsta lagi varið til að mæta lækkun tekna af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi verði þeim varið til uppgreiðslu skuldabréfs sem ríkissjóður gaf út til endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands, enda kemur slík ráðstöfun í veg fyrir aukningu á virku peningamagni í umferð með þeim neikvæðu áhrifum sem slíkt gæti haft á verðlag og gengisþróun. Bréfið stóð í 90 ma.kr. í árslok 2015. Þann 1. mars var fyrsta hluta stöðugleikaframlagsins ráðstafað inn á bréfið, alls 25 ma.kr. Eftirstöðvar nema nú 65 ma.kr.

Útboð fyrir aflandskrónueigendur

Í þeirri heildstæðu aðgerðaáætlun um losun fjármagnshaftra sem kynnt var í júní 2015 kom fram að hinn svokallaði aflandskrónuvandi yrði leystur með uppboði á gjaldeyri. Vinna við undirbúning þess hefur dregist nokkuð en áætlunin er óbreytt hvað þetta varðar. Undirbúningur þessa hluta aðgerðaráætlunarinnar fer fram í Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Heimildir lífeyrissjóða til fjárfestingar erlendis

Hinn 8. janúar 2016 tilkynnti Seðlabanki Íslands um ákvörðun sína þess efnis að veita lífeyrissjóðum, sem starfsleyfi hafa skv. V. eða XI. kafla laga nr. 129/1997, ásamt öðrum innlendum vörsluaðilum séreignarlífeyrissparnaðar, sem hlotið höfðu staðfestingu fjármálaráðuneytisins á grundvelli 10. gr. laga nr. 129/1997, undanþágu frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, til fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri. Samanlagt nemur heimildin 20 ma.kr. sem dreifist á fyrstu fjóra mánuði ársins. Í júlí s.l. var sömu aðilum veitt undanþága til erlendra fjárfestingar að fjárhæð 10 ma.kr. sem dreifdist á síðari árhelming 2015.

Seðlabankinn byggði ákvörðunina á mati á greiðslujöfnuði. Gjalddeyrisinnstreymi á nýliðnu ári og minni óvissa um þróun greiðslujafnaðar í framhaldi af samþykkt kröfuhafa slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja á frumvörpum til nauðasamninga höfðu að mati bankans skapað svigrúm til frekari fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri. Í slíkum fjárfestingum felst að mati bankans þjóðhagslegur ávinningur þar sem lífeyrissjóðunum er gert mögulegt að bæta áhættudreifingu í eignasöfnum á sama tíma og dregið er úr uppsafnaðri erlendri fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna þegar fjármagnshöft verða losuð.

Horfur um losun hafta

Horfur um losun fjármagnshaftra eru góðar. Spáð er áframhaldandi hagvexti, afgangi af viðskiptum við útlönd og stöðugu verðlagi, þrátt þenslumerki. Opinber fjármál eru sjálfbær á ný og skuldir teknar að lækka. Í janúar hækkaði Standard & Poor's lánshæfismat sitt á ríkissjóði fyrir langtímaskuldbindingar úr BBB í BBB+ og Fitch staðfesti sömuleiðis BBB+ mat sitt. Horfur eru stöðugar að mati beggja aðila. Þar sem slitabú hinna föllnu viðskiptabanka og sparissjóða hafa mætt stöðugleikaskilyrðunum er stórt skref stigið í átt að losun hafta.